



ÁRSSKÝRSLA

STRÆTÓ 2018



Efnisyfirlit

Stjórn Strætó.....	4
Skipurit Strætó.....	6-7
Sviðsstjórar Strætó.....	8
Skýr stefna er lykill að bættri þjónustu.....	9
Strætó dregur vagninn í orkuskiptum.....	11
Appið mest notaða greiðsluleiðin 2018.....	12-13
Fræðsla og heilsa í forgangi hjá Strætó.....	14-16
Greiðslukerfi framtíðarinnar.....	17
Leiðakerfið 2018.....	18-21
Grænt Bókhald.....	22-29
Slys og tjón.....	30
Greinagerð með ársuppgjöri 2018.....	28-30
Ársreikningur Strætó 2018.....	30-46

©STRÆTÓ bs.
Pönglabakka 4
109 Reykjavík
Sími: 540-2700
www.straeto.is

Ritstjórn: Guðmundur Heiðar Helgason


Myndir: Jón Guðmundsson og TVIST auglýsingastofa.

Umbrot: Guðmundur Heiðar Helgason og TVIST auglýsingastofa.

Stjórn 2018



Björg Fengler
Stjórnarformaður – Garðabær



Hjálmar Sveinsson
Varaformaður – Reykjavík



Ásgeir Sveinsson
Mosfellsbær



Karen Halldórsdóttir
Kópavogur



Helga Ingólfssdóttir
Hafnarfjörður



Sigrún Edda Jónsdóttir
Seltjarnarnes

Strætó er í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu – Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

Stjórn Strætó er skipuð einum fulltrúa og einum til vara frá hverju aðildarsveitarfélagi. Fulltrúinn skal vera aðalmaður í sveitastjórn eða framkvæmdastjóri viðkomandi sveitarfélags. Sömu skilyrði gilda um varamenn sem hver sveitastjórn tilnefnir.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og skal formennska skiptast milli aðildarsveitarfélaganna. Kjörtímabil stjórnar er 2 ár.


Hlutverk Strætó

Meginhlutverk Strætó er að veita almenna þjónustu á sviði almenningssamgangna, innan þess fjárhagsramma sem fyrirtækinu er sett og nýta það fjármagn sem best til að koma til móts við óskir og væntingar viðskiptavina. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningsvagna og ferðaþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra.

Stefna og framtíðarsýn

Stefna Strætó er að auka þjónustu og gæði til viðskiptavina sinna, efla almenningssamgöngur og auka hagkvæmni þeirra.

Framtíðarsýn Strætó byggist á því að viðskiptavinir kjósi að komast leiðar sinnar með Strætó vegna þess að það sé hagkvæmari, umhverfisvænni og jafnvel fljótlegri kostur en að nota einkabíl.



Framkvæmdastjórn



Jóhannes S. Rúnarsson
Framkvæmdastjóri



Ástríður Þórðardóttir
Sviðsstjóri fjármála og reksturs.



Erlendur Pálsson
Sviðsstjóri farþegaþjónustu



Sigríður Harðardóttir
Sviðsstjóri mannaúts- og gæðasviðs



Ingvar J. Hjaltalín
Sviðsstjóri rekstrarsviðs

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana og stefnu stjórnar. Framkvæmdastjóri veitir einnig leiðakerfi og skipulagssviði forstöðu.

Fjármál og rekstur ber ábyrgð á fjármálum og bókhaldi, markaðs- og sölumálum og upplýsingatækni.

Farþegaþjónusta annast rekstur akstursþjónustu fatlaðs fólks og þjónustuvers.

Rekstrarsvið ber ábyrgð á eigin akstri Strætó, verkstæði, þvottastöð og lager.

Mannaúts- og gæðasvið sinnir málefnum starfsmanna frá ráðningu til starfsloka. Gæðamál, verkferlar og verkefnastjórnun tilheyra einnig þessu sviði.



Björg Fengler
Stjórnarformaður Strætó.

Skýr stefna er lykill að bættri þjónustu

Með auknum umferðarþunga á höfuðborgarsvæðinu hefur umræða um mikilvægi þess að auka hlutdeild vistvænna ferðamáta aukist undanfarin ár. Sífellt fleiri íbúar höfuðborgarsvæðisins eru farnir að huga að fjölbreyttari ferðamátum með því markmiði að minnka bílaumferð sem og auka öryggi og bæta loftgæði. Strætó finnur meðbyr samhliða þessari þróun sem og auknum kröfum til þjónustunnar.

Undanfarin ár hefur Strætó lagt áherslu á að bæta þjónustu sína með því markmiði að auka farþega fjölda. Farþegum hefur fjölgað um rúmar 2,7 milljónir frá árinu 2011 og fer hver íbúi höfuðborgarsvæðisins nú að jafnaði 54 ferðir á ári með Strætó, samanborið við 37 ferðir árið 2009. Þrátt fyrir þetta hefur hlutdeild almenningsgangna í öllum ferðum á höfuðborgarsvæðinu staðið í stað síðan 2012, eða í 4%, en sveitarfélögin hafa sett sér það markmið að auka hlutdeildina í að minnsta kosti 12% eigi síðar en árið 2040.

Heildarsýn almenningsgangna

Til að framangreint markmið um aukna hlutdeild almenningsgangna náist þarf að efla sameiginlega heildarsýn og skilning á almenningsgangum. Það gerist ekki án góðrar samvinnu milli Strætó, ríkis og sveitarfélaga. Sérstaklega er þetta mikilvægt varðandi þróun og uppbyggingu leiðakerfis Strætó í tengslum við væntanlega Borgarlínu. Til að tryggja slíka samvinnu setti Strætó á fót faghóp um leiðakerfi Strætó þar sem aðkoma fulltrúa framangreindra aðila er tryggð. Hlutverk faghópsins er að vinna að því að aðlaga nýtt leiðanet að Borgarlínunni sem og breyttu fyrirkomulagi á Hlemmi og BSÍ-reit ásamt því að koma með tillögur að ýmsum verkefnum og úrbótum sem snúa að þáttum sem tengjast almenningsgangum, þ.m.t. aðgengi að stoppstöðvum, umferðarflæði, forgangsljósastýringu, biðskýlum og öryggismálum. Ætlunin er að hópurinn skili greinargerð með tillögum til stjórnar Strætó fyrir lok nóvember 2019.

Umhverfisvænn ferðamáti

Strætó hefur sett sér það markmið að hætta að losa gróðurhúsalofttegundir út í andrúmsloftið fyrir árið

2030. Til að því markmiði verði náð er mikilvægt að Strætó fylgist vel með tæknipróun þegar ákvarðanir eru teknar varðandi endurnýjun vagna. Á árinu 2018 voru síðustu rafvagnarnir, sem Strætó hefur fjárfest í, afhentir og eru nú 14 rafvagnar í akstri hjá Strætó. Það leiðir af sér að 10% af vagnaflota Strætó og verktaka er orðinn kolefnislaus en það hlutfall mun aukast árið 2019 þar sem samþykkt var á árinu að kaupa 5 vetnisvagna í tengslum við verkefni leitt af Evrópusambandinu.

Rafrænt greiðslukerfi og talningar

Stjórn Strætó samþykkti á árinu 2018 að hefja undirbúning að útboði á rafrænu greiðslukerfi fyrir Strætó en markmið slíkrar innleiðingar er að auðvelda viðskiptavinum að greiða fyrir þjónustuna, auka öryggi greiðslna og draga úr hættu á fölsunum ásamt því að létta álagi af vagnstjórum. Jafnframt hefur talningabúnaði verið komið fyrir í vögnum til að telja innstig farþega en slíkar upplýsingar er mikilvægar til að bæta og þróa þjónustuna enn frekar.

Framtíðarsýn

Á næstu árum mun Strætó standa frammi fyrir fjölmörgum áskorunum og tækifærum í tengslum við breyttar ferðavenjur og þróun í almenningsgangum. Því er mikilvægt að stefna og sýn Strætó sé skýr. Stjórn Strætó ákvað því að leggja af stað í stefnumótunarvinnu og er sú vinna í fullum gangi en stefnt er að henni ljúki í vor. Stjórn Strætó telur mikilvægt að horft sé til framtíðar og tryggt eins og kostur er að Strætó sé tilbúin til að takast á við breytingar á höfuðborgarsvæðinu. Markmið okkar er að Strætó verði mikilvægur hlekkur í almenningsgangnakeðjunni og „Besta leiðin“ fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins til að komast ferða sinna á umhverfisvænan, fljótlegan og öruggan hátt.



HVAÐ ER

GULT

og kemur þér í skólann
fyrir aðeins **4.408 krónur**
á mánuði?

*Árskort fyrir nema 18 ára og eldri + Zipcar áskrift kostar 52.900 kr. Hægt er að dreifa greiðslum.



Jóhannes S. Rúnarsson
Framkvæmdastjóri Strætó.

Strætó dregur vagninn í orkuskiptum

Árið 2018 einkenndist af miklum nýjungum í rekstri Strætó. Árið hófst með mikilli þjónustuaukningu og næturstætó lagði í sína fyrstu ferð í byrjun árs. Í fyrsta sinn gafst gæludýrum tækifæri á að fara með eigindum sínum í strætisvagnana og samgöngumálin voru í brennidepli í sveitastjórnarkosningum síðasta vors. Strætó tók stór skref í loftslagsmálum þegar 14 nýir rafvagnar voru teknir í notkun, kaup á vetnisvögnum voru staðfest og um 10% flotans er nú kolefnislaus.

Þjónustuaukning í byrjun árs

Síðasta ár hófst með mikilli þjónustuaukningu hjá Strætó. Leið 6 fór á 10 mínútna tíðni á annatímum, þjónustutími var lengdur til kl. 01:00 á völdum leiðum, engin sérstök þjónustuskerðing var yfir sumartímamann eins og tíðkast hafði síðastliðin ár og næturstætó hóf akstur á nýjan leik úr miðbæ Reykjavíkur. Næturstætó hóf sína fyrstu ferðir aðfaranótt laugardagsins 13. janúar við mikla ánægju notenda Strætó.

Ný sex mánaða nemakort voru einnig kynnt til sögunnar í byrjun árs og í kaupbæti var handhöfum þeirra boðið upp á ókeypis áskrift að deililíðaþjónustu Zipcar. Kortin voru afar vinsæl og við teljum að öll þessi skref séu til þess fallin að bæta þjónustu og einfalda íbúum höfuðborgarsvæðisins billausan lífstíl.

Gæludýr leyfð í Strætó

Þann 1. mars 2018 voru gæludýr leyfð í Strætó í fyrsta sinn. Undirbúningur að verkefninu hafði staðið yfir í tæp tvö ár og leitað var samráðs hjá helstu sérfræðingum og hagsmunaaðilum. Að lokinni undirbúningsvinnu veitti Umhverfis- og auðlindaráðuneytið undanþágu fyrir gæludýrum í Strætó til eins árs, með ákveðnum takmörkunum. Sem dæmi, þá má ekki ferðast með dýr á háannatíma og dýr skulu vera með farþegum í afturhluta vagnsins.

Mismunandi skoðanir voru á þessari undanþágu, en þegar horft er til baka hefur þetta verkefni gengið afar vel. Strætó mun sækjast eftir því að fá varanlega undanþágu ráðuneytisins árið 2019.

Almenningssamgöngur áberandi í umræðunni

Sveitastjórnarkosningar voru haldnar um allt land vorið 2018. Almenningsamgöngur voru afar áberandi í kosningabaráttunni á höfuðborgarsvæðinu og Strætó var því mikið í umræðunni; sérstaklega í

tengslum við fyrirhugaða Borgarlínu. Stjórn Strætó kvaddi um vorið og ný stjórn tók við taumunum í lok sumars. Björg Fenger úr Garðabæ tók við sem stjórnarformaður Strætó af Heiðu Björgu Hilmisdóttur.

Ég vil þakka fyrri stjórn fyrir afar gott samstarf og við hlökkum til að vinna með nýju stjórninni að því markmiði að gera Strætó að bestu leiðinni á höfuðborgarsvæðinu.

Strætó frumkvöðull í umhverfismálum

Umhverfismál eru afar mikilvægur hluti af starfsemi Strætó og stór græn skref voru tekin árið 2018. 14 nýir rafvagnar frá kínverska framleiðandanum Yutong voru afhentir í þremur skömmtum í mars, júlí og nóvember. Reynslan af vögunum hefur verið framar öllum væntingum og bæði vagnstjórar og farþegar hafa lýst yfir ánægju sinni. Með tilkomu vagnanna munu sparast meira en 500.000 lítrar af dísel olíu á ári. Um 10% flotans er nú kolefnislaus og er það hæsta hlutfall kolefnislausra strætisvagna á Norðurlöndunum.

Í október fékk Strætó 95 milljón króna styrk frá Evrópusambandinu til kaupa á nýjum vetnisvögnum. Verkefnið ber heitið „Joint Initiative for Hydrogen Vehicles across Europe“ (JIVE I & II) en það felur í sér að koma 300 vetnisknúnum strætisvögnum í umferð í Evrópu á árunum 2018-2020 og stuðla að hraðari framþróun tækninnar. Útboð er hafið fyrir fimm vögnum og áætlað er að þeir verði afhentir í lok ársins 2019.

Strætó er fyrirtæki sem er óhrætt við að prófa nýja og umhverfisvæna tækni. Við erum stolt af þeim skrefum sem tekin hafa verið í umhverfismálum. Það má segja að Strætó dragi vagninn þegar kemur að orkuskiptum í samgöngum.



Markús Vilhjálmsson
Sölustjóri Strætó

Appið mest notaða greiðsluleiðin 2018


FARGJALDASKIPTING 2018

Fargjaldaskipting 2018



Appið var með mikið forskot á önnur fargjöld Strætó árið 2018, með tæplega 39% hlutdeild. Árið 2017 var þetta hlutfall 32%.

Hlutfall strætómiða lækkaði úr 27% niður í 21% á milli ára. Staðgreiðsla með peningum var 10% árið 2017 en var um 8% árið 2018.


Hlutfall prentaðra strætókorta stóð í stað.



FARGJALDASKIPTING INNAN APPSINS



HLUTFALL ERLENDRA NÚMERA Í APPINU



Fleiri ferðamenn nota appið

Mikil áhersla hefur verið lögð á markaðssetningu til ferðamanna í gegnum samfélagsmiðla og Google. Það tókst vel árið 2018 og mikil aukning var á erlendum símanúmerum í appinu í samanburði við árið 2017.


HEILDARSALA KORTA MILLI ÁRA

Ný 6 mánaða nemakort

Sala á nemakortum lækkaði nokkuð árin 2016 og 2017.

Ákvörðun var tekin í janúar 2018 að bjóða upp á 6 mánaða nemakort með Zipcar áskrift.

Kortunum var tekið afar vel og tekjur vegna nemakorta hækkuðu á nýjan leik.





Sigríður Harðardóttir
Sviðsstjóri mannaúts- og gæðasviðs Strætó

Fræðsla og heilsa í forgangi hjá Strætó


KYNJASKIPTING

● KONUR ● KARLAR


Kynjaskipting

Starfsmannafjöldi Strætó hefur nokkurnvegin haldist sá sami undanfarin ár. Alls starfa 294 starfsmenn hjá Strætó, 253 karlar og 41 kona.

Framkvæmdastjórn Strætó samanstendur af 5 einstaklingum, 3 körlum og 2 konum.





FJÖLDI STARFSMANNA
294 EINSTAKLINGAR



FRAMKVÆMDASTJÓRN
5 EINSTAKLINGAR

VIÐHORF TIL ÞJÁLFUNAR OG FRÆÐSLU




Aukin áhersla á fræðslu og þjálfun

Samhliða aukinni áherslu á fræðslu starfsmanna hefur jákvætt viðhorf til hennar aukist á tímabilinu þrátt fyrir örlitla niðursveiflu 2018.


FRÆÐSLUSTUNDIR STARFSMANNA

Aukning í fræðslu

Fræðslustundum starfsmanna hefur fjölgað umtalsvert síðastliðin tvö ár. Má þar helst nefna endurmenntun atvinnubílstjóra og enn markvissara fræðslustarf Strætó.




UMSÓKNIR UM ÍPRÓTTASTYRK



Strætó er heilsusamlegur vinnustaður

Á milli ára hefur starfsmönnum fjölgað sem sótt hafa um íþróttastyrk.

STARFSÁNÆGJA



Starfsánægja

Starfsánægja hefur verið mæld reglulega frá árinu 2015. Starfsánægja á tímabilinu hefur aukist töluvert þrátt fyrir örlitla niðursveiflu 2018.



Daði Áslaugarson
Yfirmaður upplýsingatæknimála

Greiðslukerfi fram tíðarinnar

Árið 2019 og 2020 leggur Strætó í stærsta hugbúnaðarleiðangur í sögu fyrirtækisins. Til stendur að breyta því hvernig borgað er í Strætó. Það er ekki bara umfangsmikið verkefni þegar horft er til hug- og vélbúnaðar, heldur er um að ræða nánast algera endurhugsun á því hvernig fargjöld eru innheimt. Þá er því von að fólk spyrji – hvers vegna er verið að eyða peningum í það? Hverju erum við bætt með því að breyta því hvernig við borgum í Strætó?

- **Svindl** – Árlega er áætlað að um 250 milljónir króna hverfi úr rekstri Strætó vegna svindls og skipulagðrar glæpastarfsemi, þar sem miðar og kort eru fölsuð og seld. Nýtt og rafrænt greiðslukerfi er eina leiðin til þess að stemma stigum við svindl.
- **Auðveldara fyrir farþega og ferðamenn** – Með nýju kerfi verða teknar í notkun ýmsar nýjungar, eins og möguleikinn til að fylla á kort á netinu, borga með snertilausu greiðslukorti og möguleika á að prenta út þinn eigin miða. Appið verður áfram til staðar, en breytist þannig að farþegar skanna það inn við inngöngu, eins og aðra miða og kort. Persónuvernd er tryggð og afsláttarkjör aðgengileg á auðveldari og öruggari hátt.
- **Stuðlar að betra samgöngukerfi** – Til að hægt sé að sniða almenningssamgangnakerfi að þörfum notenda þarf mikið magn upplýsinga um notkun kerfisins. Nýtt greiðslukerfi, þar sem allir farþegar skanna sig inn í vagninn, eins og tíðkast víða erlendis, gerir það að verkum að mun fleiri og nákvæmari gögn safnast um raunverulega notkun kerfisins og hægt er að byggja á þeim við ákvörðunartöku um Strætó fram tíðarinnar.
- **Léttir álagi af vagnstjórum** – Helsta hlutverk vagnstjóra er að koma vagninum á réttan stað, á réttum tíma og á öruggan hátt. Því minni tími og álag sem fer í að innheimta eða staðfesta fargjöld, því betur getur hann sinnt sínu aðalhlutverki.




Tæknin gefur okkur svo byr undir báða vængi í framhaldinu því þegar grunnuppsetning nýs greiðslukerfis er komin í gagnid standa margar áhugaverðar dyr opnar í samstarfi við sveitarfélög, ríki og einkaaðila.

Markmiðið er að koma farþegum á milli staða á skjótan og umhverfisvænan máta. Tæknin spilar sífellt stærra hlutverk bæði í að gera upplifunina notendavæna sem og við samnýtingu innviða og annarra samgöngu leiða, hvort sem það er einkabíllinn, hjólið, leigubíllinn, deilubíllinn eða Borgarlína.

MEÐMÆLASKOR STARFSMANNA (NPS)

Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir mæla með því við aðra að sækja um starf hjá Strætó?

- Hvetjendur
- Hlutlausir
- Letjendur




Meðmælaskor starfsmanna (NPS)

Meðmælaskor starfsmanna er mælt árlega. Þeim sem mæla með því að sækja um starf hjá Strætó hefur fjölgað talsvert á tímabilinu.

Leiðarkerfið 2018

20 stærstu stoppistöðvarnar


Mest notuðu stoppistöðvar höfuðborgarsvæðisins árið 2019.




Ragnheiður Einarsdóttir & Valgerður G. Benediktsdóttir
Samgöngusérfræðingar Strætó

1	Mjódd	6.876
2	Hlemmur	6.032
3	Hamraborg	4.507
4	Ártún	3.517
5	Háskóli Íslands	1.790
6	Fjörður	1.715
7	Lækjatorg	1.555
8	Menntaskólinn í Reykjavík / MR	1.334
9	Kringlan	1.210
10	Smáralind	1.046
11	Kringlumýrarbraut / Kringlan	931
12	Hlíðar	856
13	Gerðuberg	789
14	Skeifan	738
15	Spöngin	702
16	Hafnarfjarðarvegur / Ásgarður	662
17	Gerði	650
18	Ráðhúsið	627
19	Ásgarður	623
20	Landspítalinn Hringbraut	616

FJÖLDI INNSTIGA Á LEIÐUM Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU (ÁN NÆTURLEIÐA)



MEÐAL INNSTIGA Á TÍMUM DAGS




Álagspunktur á virkum dögum

Álagstímar yfir daginn á virkum dögum sjást skýrt á álagstoppum fyrri og seinni part dags. Hér sést fjöldi innstiga eftir upphafstíma ferðar. Álagstoppur seinni partinn dreifist meira en fyrri partinn.

FJÖLDI INNSTIGA Á MÁNUÐI Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU 2018

Innstig yfir árið

Á árinu 2018 hefur Strætó í fyrsta sinn heildstæða mynd yfir heilt ár af inn- og útstigum í vagnana. Árið 2018 var engin tíðni-breyting á strætóleiðum yfir sumartímann.





GRAENT BÓKHALD



Rósa Guðmundsdóttir
Gæða- og verkefnastjóri

Umhverfis- og öryggismál

Rekstrarsvið Strætó hefur verið vottað samkvæmt kröfum ISO 14001 umhverfisstaðalsins og kröfum OHSAS 18001 staðalsins um heilsu og öryggi á vinnustað frá árinu 2013. Fyrirtækið leggur áherslu á að lágmarka neikvæð áhrif vagnaflotans á umhverfið og árlega eru sett fram markmið í málaflokknum. Nánar er hægt að lesa um stefnur Strætó á heimasíðunni, strat0.is.

Tölur í umfjölluninni um grænt bókhald eiga aðeins við um eigin akstur Strætó, fyrir utan töflu á blaðsíðu 22 þar sem greint er frá heildar olíunotkun og eignum km. hjá Strætó bs. og verktökum.

Vagnaflotinn sem rekinn er af Strætó samanstendur af 94 vögnum, 78 díselvögnum, 2 metanvögnum og 14 rafmagnsvögnum. Vagnafloti verktaka eru 63 vagnar, þ.e. 43 vagnar eru reknir af Kynnisferðum og 20 af Hagvögnum

Nokkrir áherslupættir úr stefnum Strætó í umhverfis- og öryggismálum

- Að móta og skapa öryggis-
menningu sem nær til allra
starfsmanna Strætó
- Að innleiða notkun á
vistvænum orkugjöfum
eða orkutækni
- Að aukinn verði hlutur úrgangs
sem fer til endurvinnslu og
endurnýtingar
- Að taka tillit til umhverfis-
sjónarmiða við innkaup á
vörum og þjónustu og að
innleiða vistvæn innkaup
- Að upplýsa almenning
um ávinning almennings-
samgangna og stuðla þannig
að aukinni notkun þeirra
- Fræðsla, þjálfun og
endurmenntun starfsmanna
taki mið af áherslum
umhverfis- og öryggismála
- Að sömu kröfur séu gerðar
til allra verktaka og
þjónustuaðila Strætó

ELDSNEYTISNOTKUN OG LOSUN

Eldsneyti 2015		Heildarnotkun	Fjöldi vagna	Notkun á vagn	Eknir km	Notkun á 100 km	Tonn CO ₂ ígildi	Losun CO ₂ g/km
Dísel	lítrar	2.447.441	91	26.895	5.762.999	42,5	5.870	1.019
Metan	Nm ³	38.623	2	19.312	53.098	72,7	(72)*	(1.360)*

Eldsneyti 2016		Heildarnotkun	Fjöldi	Notkun á vagn	Eknir km	Notkun á 100 km	Tonn CO ₂ ígildi	Losun CO ₂ g/km
Dísel	lítrar	2.391.062	90	26.567	5.770.437	41,4	5.735	994
Metan	Nm ³	38.617	2	19.309	54.398	71,0	(72)*	(1.328)*

Eldsneyti 2017		Heildarnotkun	Fjöldi	Notkun á vagn	Eknir km	Notkun á 100 km	Tonn CO ₂ ígildi	Losun CO ₂ g/km
Dísel	lítrar	2.303.337	87	26.475	5.478.924	42,0	5.525	1.008
Metan	Nm ³	29.096	2	14.548	53.252	54,6	(54)*	(1.022)*
Metan II**	Nm ³	2.959	1	2.959	7.083	41,8	(6)*	(781)*
Metan alls	Nm ³	32.055	3	10.685	60.335	53,1	(60)*	(994)*

Eldsneyti 2018		Heildarnotkun	Fjöldi	Notkun á vagn	Eknir km	Notkun á 100 km	Tonn CO ₂ ígildi	Losun CO ₂ g/km
Dísel	lítrar	2.111.299	78	27.068	5.286.130	39,9	5.064	958
Metan	Nm ³	36.869	2	18.435	60.489	61,0	(69)*	(1.140)*
Rafmagn	Kwh	352.019	14	25.144	293.466	120,0	-	-

* CO₂ sem verður til við bruna á metani í stað jarðefnaeldsneytis eykur ekki magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu

** Metan II - Vagn frá Iveco í prufuakstri í júlí og ágúst 2017

Akstursaðili	Heildarolíunotkun lítrar	Fjöldi vagna	Notkun á vagn	Eknir km
Strætó bs. - dísel	2.111.299	78	27.068	5.286.130
• Metan	-	2	-	60.489
• Rafmagn	-	14	-	293.466
Hagvagnar	626.000	20	31.300	1.413.000
Kynniferðir	1.453.480	43	33.802	3.775.272
Samtals	4.190.779	157		10.828.357

Taflan sýnir heildarolíunotkun og heildarakstur vagna hjá Strætó bs. og verktökum á höfuðborgarsvæðinu.

EURO STAÐLAR VAGNFLOTANS


Díselvagnar sem falla undir hæstu staðlatölu Euro staðalsins eða Euro 6 voru á síðasta ári 31. Því hærri sem staðlatalan er því betri teljast mengunarvarnir vagnanna og vænni kostur fyrir umhverfið. Vögnum fækkaði um þrjá í Euro 4 flokknum, um fjóra í Euro 3 flokknum og um fjóra í Euro 2 flokknum. Vert er að benda á að allir vagnar í vagnafloða Kynniferða sem aka á vegum Strætó eru í Euro 6 flokknum.

Euro staðlar	Vagnar 2015	Vagnar 2016	Vagnar 2017	Vagnar 2018
6	20	28	29	31
5	13	14	14	14
4	8	7	5	2
3	32	24	23	19
2	20	19	18	14
1	0	0	0	0
0	0	0	0	0
Rafvagnar	0	0	0	14
Samtals:	93	92	89	94

ÚRGANGUR

Hjá Strætó er leitast við að lágmarka úrgang eins og kostur er. Niðurstöður ársins 2018 sýna að magn blandaðs úrgangs hefur aukist lítillega frá árinu 2017. Heildar úrgangur jókst um 52% milli ára en sú aukning skýrist að mestu af framkvæmdum á Hesthálsi 14. Hlutfall úrgangs til endurvinnslu jókst árið 2018 sem verður að teljast góður árangur.

FLOKKUN ÚRGANGAR



ÚRGANGUR – FRAMHALD

		2015	2016	2017	2018
Blandaður úrgangur	kg	18.460	29.548	27.001	27.147
Til urðunar samtals	kg	18.460	29.548	27.001	27.147
Úrgangur til endurvinnslu					
• Garðaúrgangur	kg	0	0	0	280
• Málmar/brotajárn	kg	17.860	12.720	12.380	19.820
• Timbur	kg	860	2.400	1.280	3.280
• Annað (plast, pappír, dagblöð/tímarit)	kg	5.361	2.093	1.438	8.468
• Hjólbarðar	kg	6.500	10.940	3.375	10.180
Til endurvinnslu samtals	kg	30.581	28.153	18.473	42.028
Spilliefni					
• Olía og olíumengað í fljótandi formi	lítrar	15.022	11.315	13.900	17.139
• Olía og olíumengað í föstu formi	kg	652	518	1.323	853
• Rafgeymar og rafhlöður	kg	2.492	2.076	3.239	4.589
• Prenthylki	kg	40	15	3	0
• Raftæki	kg	344	418	449	984
• Perur/flúrperur	kg	67	14	8	41
• Málning	kg	10	0	0	296
Spilliefni samtals:	lítrar	15.022	11.315	13.900	17.139
Spilliefni samtals	kg	3.605	3.041	5.022	6.763

EFNANOTKUN

Á undanförunum árum hafa mengunartölur lækkað ár frá ári og leitast er við að minnka efnanotkun. Árið 2017 skar sig þó úr og hækkuðu allar tölur í þessum málaflokk.

Á árinu 2018 náðist betri árangur og lækkaði t.a.m. magn smurolíu og tjöruleysis og var lægra en fyrir hækkun ársins 2017.

Magn þvottaefnis hækkaði þó umtalsvert milli ára og er ástæðan rakin að hluta til tíðafars en einna helst til bilunar sem kom upp í þvottakerfi.

	Einingar	2015	Á vagn	2016	Á vagn	2017	Á vagn	2018	Á vagn
Forsendur									
• Vagnafjöldi		93		92		89		94	
• Eknir km.	km	5.816.097		5.824.835		5.539.259		5.640.085	
Smurolía									
• Verkstæði	lítrar	6.739	72,5	4.925	53,5	6.680	75,1	4.165	44,3
• Þvottastöð ábætt	lítrar	2.468	26,5	2.568	27,9	2.783	31,3	3.158	33,6
Samtals		9.207	99,0	7.493	81,4	9.463	106,3	7.323	77,9
• Lítrar per 100 km.		0,16		0,13		0,17		0,13	
Önnur efni									
• Tjöruleysir	lítrar	5.800	62,4	8.000	87,0	9.600	107,9	7.400	78,7
• Þvottaefni	lítrar	2.281	24,5	1.680	18,3	2.040	22,9	6.030	64,1
• Frostlögur	lítrar	4.943	53,2	4.160	45,2	5.598	62,9	5.191	55,2
Hjólbarðar									
• Sólaðir	stk	362		280		314		264	
• Nýir	stk	227		145		146		228	
Fjöldi alls	stk	589		425		460		492	
• Fjöldi. per 100 km.	stk/100 km	0,010		0,007		0,008		0,009	

ORKU- OG VATNSNOTKUN

		2015 Heildar- notkun	Á vagn á ári	2016 Heildar- notkun	Á vagn á ári	2017 Heildar- notkun	Á vagn á ári	2018 Heildar- notkun	Á vagn á ári
Þvottastöð									
• Rafmagn	Kwh	145.080	1.560	164.080	1.783	167.360	1.880	154.440	1.643
• Heitt vatn	m³	13.923	150	12.242	133	16.206	182	18.684	199
• Kalt vatn	m³	9.810	105	8.084	88	8.323	94	7.714	82

Aðalhús									
• Rafmagn	Kwh	731.353	7.864	665.923	7.238	626.278	7.037	647.550	6.889
• Heitt vatn	m³	28.438	306	58.851	640	49.869	560	13.880	148
• Kalt vatn	m³	2.710	29	1.019	11	1.108	12	1.467	16

Samtals									
• Rafmagn	Kwh	876.433	9.424	830.003	9.022	793.638	8.917	801.990	8.532
• Heitt vatn	m³	42.361	455	71.093	773	66.075	742	32.564	346
• Kalt vatn	m³	12.520	135	9.103	99	9.431	106	9.181	98

SLYS OG TJÓN

Strætó er umhugað um að tryggja öryggi starfsmanna, farþega og almennings og leggur áherslu á að efla öryggismenningu. Regluleg endurmenntun og fræðsla starfsmanna skiptir þar miklu máli svo vel takist til en um er að ræða langtímaverkefni sem stöðugt þarf að fylgja eftir. Strætó hefur unnið með VÍS að verkefni sem miðar að því að auka öryggisvitund starfsmanna og að lágmarka slys og tjón sem hægt er að stýra með beinum hætti.

Ár	Fjöldi tryggingatjóna	Rétti/órétti	Upphæð tryggingatjóna (þús. kr)	Fjöldi annarra tjóna	Upphæð annarra tjóna (þús. kr)	Samtals fjöldi tjóna	Heildarkostnaður allra tjóna (þús. kr)
2015	109	59/50	19.819	127	29.401	236	49.219
2016	100	61/39	25.660	92	20.667	192	46.327
2017	103	56/47	30.822	87	17.726	190	48.548
2018	90	40/50	20.857	124	28.234	214	49.091

Fjöldi og kostnaður aksturstjóna getur verið breytilegur á milli ára og geta ýmsir þættir haft þar áhrif á.

Skráðum atvikum og slysum á farþegum Strætó hefur farið fækkandi á síðustu árum. Heildarfjöldi tilkynntra slysa til tryggingafélags voru 15 en þess má geta að Strætó hefur ekki upplýsingar um slys sem tilkynnt eru til annarra tryggingafélaga. Slysum sem tilkynnt eru til tryggingafélags teljast þau slys sem sannarlega hafa orðið að máli og teljast mögulega bótaskyld. Strætó tekur þó á móti tilkynningum og ábendingum um ýmis slys í gegnum ábendingakerfi sitt og fylgir þeim eftir. Heildarfjöldi slysa á síðasta ári að meðtöldum þeim sem tilkynnt voru til tryggingafélaga voru 21 talsins.

Ár	Heildarfjöldi	Fall úr sæti	Árekstur	Í og úr vagni	Aksturslag	Hurðaslys	Annað	Þar af til VÍS*
2015	46	7	3	1	25	7	3	19
2016	36	27	0	3	0	4	2	26
2017	18	3	1	0	0	5	9	14
2018	21	4	1	0	0	9	7	15

*Atvik tilkynnt til tryggingafélags Strætó bs.

Vinnuslys

Skráð vinnuslys hjá Strætó á árinu 2018 voru 6 sem eru færri slys en síðustu ár. Strætó vill lágmarka slys og sporna við slyshættu hvar sem er í starfsemi fyrirtækisins með fræðslu og forvörnum.


Ár	Heildarfjöldi
2015	13
2016	8
2017	13
2018	6



Ástríður Þórðardóttir
Sviðsstjóri fjármála- og reksturs

Greinagerð 2018

Strætó (mkr)	Raun 2018	Áætlun 2018	Breyting	Raun 2017	Breyting
Rekstrartekjur	8.318	8.456	-139	7.741	576
Rekstrargjöld	-8.393	-8.430	37	-7.375	-1.018
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-48	14	-62	22	-70
Óreglulegir liðir (tekjur)	0	0	0	-377	377
Rekstrarhagnaður/-tap	-123	40	-165	10	-136



Rekstrarniðurstaða

Afkoma ársins var lakari en áætlun gerði ráð fyrir en í takt við útkomuspá fyrir 2018 sem birt var samhliða fjárhagsáætlun 2019. Afkoma 2018 var neikvæð um 123 mkr en gert hafði verið ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 40 mkr í áætlun ársins.

Í byrjun árs tóku í gildi umfangsmiklar breytingar á leiðakerfi Strætó, m.a. lenging á aksturstíma á kvöldin, aukin tíðni á völdum leiðum, engin sérstök sumaráætlun með skertri þjónustu og næturakstur um helgar.

Kostnaður við þessar breytingar var áætlaður samtals um 414 mkr. Í áætlun ársins 2018 var gert ráð fyrir að fargjaldatekjur myndu aukast töluvert samhliða aukinni þjónustu, sem hefur ekki gengið eftir.

Aðrar helstu ástæður fyrir verri afkomu eru hærra fjármagnsgjöld með tilkomu 1.000 mkr lántöku til að dekka framlag Strætó bs. í Brú lífeyrissjóð og hærra afskriftir en áætlaðar voru.

Rekstrartekjur voru lægri en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir og vó þar þyngst að fargjaldatekjur voru lægri en áætlað var.


Áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir að fargjaldatekjur myndu aukast um 270 mkr 2018 eða um 14,3%. Fargjaldatekjur hækkuðu um 62 mkr 2018, eða um 3,3%.

Fargjaldatekjur farþega dekka um 30% af heildarrekstrarkostnaði við Strætó á höfuðborgarsvæðinu sem er lægra en það var 2017 þegar það var um 34%. Skýring á þessu má rekja til aukins rekstrarkostnaðar vegna leiðakerfisbreytinga í upphafi árs, sem hefur ekki enn skilað auknum fargjaldatekjum eins og vonir stóðu til.


ÁRSREIKNINGUR STRÆTÓ 2018

SKIPTING REKSTRAR TEKNA EFTIR STARFSPÁTTUM:


*(í mkr)



Tekjur eftir starfspáttum (mkr)	Raun	Áætlun	Mism.
Fargjöld - Strætó	1.952	2.160	-208
Rekstrarframlög eigenda	3.557	3.553	5
Ríkisframlag	905	890	16
Akstursþjónusta - framlag	1.503	1.569	-67
Akstursþjónusta - fargjöld	91	94	-3
Aðrar tekjur	310	191	119
Samtals	8.318	8.456	-137



FARÞEGAFJÖLDI UPPSAFNAÐ



FARÞEGAFJÖLDI Á MÁNUÐI

Í eigendastefnu Strætó er kveðið á um að stefnt skuli á að þetta hlutfall sé um 40%.

Farþega fjöldi Strætó árið 2018 er svipaður og hann var 2017. Myndirnar sýna annarsvegar uppsafnaðan farþega fjölda 2018 og 2017 og hinsvegar farþega fjölda hvers mánaðar 2018 og 2017.

Rekstrargjöld 2018 eru í takt við áætlun. Rekstrarkostnaður við eigin akstur á höfuðborgarsvæðinu var um 261 mkr undir áætlun eða um 8%, sem skýrist að stærstum hluta af minni eigin akstri á móti meiri akstri hjá verktökum. Á árinu 2018 skiptist heildaraksstur á höfuðborgarsvæðinu nokkuð jafnt á milli Strætó og verktaka, en á árinu 2017 var skipting 54% eigin akstur Strætó og 46% akstur verktaka. Meiri akstur verktaka og hækkun verðlags umfram það sem gert var ráð fyrir í áætlun fyrir árið 2018, skýrir hærri kostnað við akstur verktaka. Greiðslur til verktaka breytast í takt við breytingar á verðlagi, þ.e. breytingu á launa-, olíu- og neysluvísitölu. Í áætlun fyrir árið 2018 var gert ráð fyrir um 4,6% hækkun en raunin er 7% hækkun.


Skrifstofu og stjórnunarkostnaður er heldur lægri en áætlun gerði ráð fyrir og vegur nú um tæp 9% af heildarrekstrarkostnaði Strætó.

Efnahagur

Eigið fé í lok tímabilsins nam um 1.773 mkr samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárlutfallið 49%, en var 64% í upphafi árs 2018.

Á tímabilinu var gengið frá langtímaláni að fjárhæð 1.000 mkr frá Lánasjóði sveitarfélaga annarsvegar 720 mkr til 38 ára og 280 mkr til 17 ára. Lánasjóður sveitarfélaga er eini langtíma lánveitandi Strætó í lok árs 2018. Lánið var tekið til að geta staðið í skilum á framlagi Strætó til Brúar lífeyrissjóðs. Framlagið var samtals 1.036 mkr þar sem 254 mkr voru gjaldfærðar 2017, en eftirstöðvar framlagsins verða gjaldfærðar á 20-30 árum. Greiðsludagur framlagsins til Brúar lífeyrissjóðs í heild var 1. mars 2018.

Gjöld eftir starfsþáttum (mkr)	Raun	Áætlun	Mism.
Eigin akstur Strætó	3.077	3.338	-261
Akstur verktaka - Strætó	2.709	2.444	265
Akstursþjónusta fatlaðra - verktakar	1.593	1.663	-70
Skrifstofu- og stjórnunark.	738	754	-17
Afskriftir	277	230	47
	8.393	8.430	-37



SKIPTING REKSTRARGJALDA EFTIR STARFSÞÁTTUM

Efnahagur (mkr)	2018	2017	Breyting
Fastafjármunir	2.886	1.584	1.302
Veltufjármunir án handb. fjár	433	445	-12
Handbært fé	299	926	-627
Eignir samtals	3.619	2.955	664
Eigið fé	1.773	1.896	-123
Langtímaskuldir	998	0	998
Næsta árs afborganir langt. skulda	18	23	-5
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	830	1.036	-206
Skuldir samtals	1.845	1.059	786
Skuldir og eigið fé samtals	3.619	2.955	664

Eignabreytingar 2018

Helstu eignabreytingar aðrar en þær sem voru í tengslum við framlagið til Brúar lífeyrissjóðs, var fjárfesting í fastafjármunum fyrir um 825 mkr, þar af voru 754 mkr vegna kaupa á rafvögnum og hleðslustöðvum, 63 mkr vegna uppfærslu á myndavélum og öðrum búnaði í vagnaflofanum á höfuðborgarsvæðinu og 8 mkr vegna fjárfestinga í tengslum við forgangsljósabúnað.

Í síðustu þremur örútboðum, sem voru gerð á grundvelli rammisamnings um endurnýjun strætisvagna, hefur niðurstaðan við mat á tilboðum verið að kaupa rafvagna frá Yutong Eurobus ehf. Samtals er búið að festa kaup á 14 rafvögnum og hleðslustöðvum, ásamt nauðsynlegum endurbótum á innviðum í tengslum við nýjan orkugjafa fyrir ríflega 953 mkr. Í mars komu fyrstu fjórir vagnarnir til landsins, í ágúst komu fimm rafvagnar til viðbótar og byrjun nóvember komu síðustu fimm rafvagnarnir til landsins.


Í samræmi við fjárhagsáætlun 2019 er búið að bjóða út kaup á a.m.k fimm vetnisvögnum. Strætó tekur þátt í verkefni á vegum Evrópusambandsins sem gengur undir nafninu „Joint Initiative for Hydrogen Vehicles across Europe“. Verkefnið samræmist vel aðgerðaáætlun ríkisins í loftslagsmálum 2018-2030, þar sem fram kemur m.a. að annað af tveimur mikilvægustu verkefnum á leið Íslands að kolefnishlutleysi séu orkuskipti, þ.e. að hætta notkun jarðefnaeldsneytis í samgöngum og á öðrum sviðum og nota í staðinn orku sem losar ekki gróðurhúsalofttegundir.

Samkvæmt fjárfestingaráætlun er gert ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 300 mkr á ári í nýjum vögnum á næstu fimm árum.


Hæstiréttur hefur staðfest dóm Héraðsdóms um, að aðili sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010, eigi rétt á skaðabótum vegna missis hagnaðar. Búið er að fá dómskvadda matsmenn til að fara yfir mögulega fjárhæð skaðabóta. Óvist er hvenær niðurstaða fæst. Færð hefur verið varúðarfærsla vegna þessa.

Efnahagur (mkr)	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Eiginfjárlutfall	44,0%	59,3%	60,9%	67,0%	66,0%	64,0%	49,0%
Arðsemi eigin fjár	47,7%	84,5%	29,6%	12,3%	9,5%	0,5%	-6,9%
Veltufjárlutfall	2,25	2,13	2,26	1,81	1,41	1,29	0,86
Skuldsetningarhlutfall (langtímaskuldir/eigið fé)	65,0%	24,4%	14,0%	7,4%	1,2%	0,0%	56,3%
Uppgreiðslutími lána	2	1	1	1	1	0	30
Heildarskuldir/rekstrartekjur	22,1%	17,1%	16,3%	13,8%	13,1%	13,7%	22,2%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	9,8%	11,4%	9,5%	3,0%	5,0%	2,6%	2,2%
Framlegð/rekstrartekjum	10,3%	11,4%	9,4%	2,8%	4,8%	2,3%	2,4%


FJÁRMÖGNUN FJÁRFESTINGA



VELTUFÉ FRÁ REKSTRI Í HLUFTFALLI AF TEKJUM



SJÓÐSTREYMI 2018



Skýrsla og áritun stjórnar

Strætó bs. er byggðasamlag og er tilgangur þess að sjá um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Eigendur byggðasamlagsins eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík (60,30%), Kópavogur (14,60%), Hafnarfjörður (12,50%), Garðabær (6,24%), Mosfellsbær (4,07%) og Seltjarnarnes (2,29%).

Á árinu 2018 var rekstrartap Strætó 123 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi, þar vegur þyngst að fargjaldtekjur eru lægri en gert var ráð fyrir og að fjármagnsgjöld og afskriftir eru hærri en áætlað var fyrir 2018.

Á árinu lækkaði handbært fé um 627 m.kr. og er handbært fé í lok ársins 299 m.kr. Á árinu komu 14 nýir rafvagnar til landsins sem skýrir lækkun á handbæru fé á árinu.

Eigið fé í lok tímabilsins nam um 1.773 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárlutfallið 49%. En að öðru leyti er vísað í skýringu í árreikningi er varðar breytingu á eigin fé.

Stjórn og framkvæmdastjóri Strætó bs. staðfesta hér með ársreikning Strætó bs. fyrir árið 2018 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 15. mars 2019

Stjórn:


Stjórn og framkvæmdastjóri Strætó bs. staðfesta hér með ársreikning Strætó bs. fyrir árið 2018 með undirskrift sinni.


F.h. Reykjavíkurborgar


F.h. Hafnarfjarðarbæjar


F.h. Kópavogsbæjar


F.h. Mosfellsbæjar


F.h. Garðabæjar


F.h. Seltjarnarnesbæjar


Framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eiganda Strætó bs.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Strætó bs. („félagið“) fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðanda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar taka til upplýsinga í ársskýrslu, þó ekki ársreiknings og áritun óháðs endurskoðanda. Álit okkar nær ekki til upplýsinga í ársskýrslu eða annarra upplýsinga sem félagið gefur út. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni ársskýrslunnar og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli hennar og ársreikningsins, hvort upplýsingar í ársskýrslu séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í ársskýrslunni séu verulegar villur.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningi með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirliti sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á álitum okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við lýsum því yfir að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 15. mars 2019

J. Sturla Jónsson

Sturla Jónsson

löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	Rauntölur 2018	Rauntölur 2017	Fjárhagsáætlun 2018
Rekstrartekjur	4			
Fargjöld		1.951.996	1.889.652	2.159.608
Rekstrarframlög eignaraðila		3.557.380	3.226.409	3.552.655
Ríkisframlag	27	905.400	889.560	889.560
Akstursþjónusta fatlaðs fólks	15	1.593.452	1.522.336	1.662.982
Aðrar tekjur	16	310.114	212.610	190.791
		8.318.343	7.740.566	8.455.596
Rekstrargjöld				
Rekstrarsvið	18	5.785.400	5.182.121	5.782.442
Samrekstur	19	737.521	857.972	754.431
Akstursþjónusta fatlaðs fólks	15	1.593.452	1.522.336	1.662.982
		8.116.374	7.562.428	8.199.855
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði		201.969	178.138	255.741
Afskriftir	20	276.660	190.033	230.000
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		(74.691)	(11.895)	25.741
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	5			
Vaxtatekjur		15.141	27.479	16.395
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(63.371)	(5.198)	(2.501)
		(48.230)	22.281	13.894
Rekstrarniðurstaða		(122.921)	10.387	39.635

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Efnahagsreikningur

31. desember 2018

Eignir	Skýr.	2018	2017
Fastafjármunir			
Varanlegir fastafjármunir:	7,20		
Strætisvagnar og önnur ökutæki		1.904.597	1.361.097
Fasteignir		95.669	98.084
Innréttingar, áhöld og tæki		99.255	75.180
Hugbúnaður		33.367	49.785
		2.132.888	1.584.146
Áhættufjármunir og langtímaskuldir			
Fyrirframgreitt framlag - Brú lífeyrissjóður	8,29	725.714	0
		725.714	0
Fastafjármunir samtals		2.858.602	1.584.146
Veltufjármunir			
Birgðir	9,21	101.832	92.116
Skammtímaskuldir:	10		
Viðskiptaskuldir	22	187.203	132.752
Kröfur á tengda aðila	28	121.223	197.856
Næsta árs gjaldfærsla - Brú lífeyrissjóður	8,29	27.883	0
Aðrar skammtímaskuldir	23	23.240	22.501
Handbært fé	12	298.817	926.089
Veltufjármunir samtals:		760.198	1.371.315
Eignir samtals		3.618.800	2.955.461

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2018	2017
Eigið fé			
Framlag eigenda		900.018	900.018
Óráðstafað eigið fé		873.461	996.382
Eigið fé samtals:	25	1.773.479	1.896.400
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir		1.015.451	22.579
Næsta árs afborganir		(17.684)	(22.579)
Langtímaskuldir samtals:	11,26	997.767	0
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		462.148	437.558
Næsta árs afborganir langtímalána	11,26	17.684	22.579
Ógreitt framlag til Brúar lífeyrissjóðs	8,29	0	254.394
Aðrar skammtímaskuldir.....	24	367.724	344.527
Skammtímaskuldir samtals		847.555	1.059.061
Skuldir og skuldbindingar samtals		1.845.322	1.059.061
Eigið fé og skuldir samtals		3.618.800	2.955.461

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Sjóðstreymisýfirlit árið 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða		(122.921)	10.387
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárestreymi:			
• Afskriftir	20	276.660	190.033
• Verðbætur og gengismunur	5	29.398	224
Veltufé frá rekstri		183.137	200.643
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
• Birgðir, (hækkun) lækkun		(9.716)	(14)
• Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(6.440)	(10.807)
• Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		47.786	186.567
• Greitt framlag til Brúar lífeyrissjóðs	29	(254.397)	0
• Fyrirframgreitt framlag til Brúar lífeyrissjóðs ..	29	(725.714)	0
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		948.480	175.746
Handbært fé frá rekstri		(765.343)	376.389
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum	20	(825.402)	(253.359)
Fjárfestingahreyfingar		(825.402)	(253.359)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána	26	(36.470)	(103.818)
Tekin ný langtímalán	26	999.943	0
Fjármögnunarhreyfingar		963.473	(103.818)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(627.272)	19.211
Handbært fé í ársbyrjun		926.089	906.878
Handbært fé í lok árs		298.817	926.089

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Skýringar

1. Upplýsingar um byggðasamlagið

Strætó er byggðasamlag í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík (60,30%), Kópavogur (14,60%), Hafnarfjörður (12,50%), Garðabær (6,24%), Mosfellsbær (4,07%) og Seltjarnarnes (2,29%).

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015.

Reikningsskilaaðferðir

3. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

4. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á þjónustu og vöru eru almennt færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Rekstrarframlög eru tekjufærð þegar kröfuréttur hefur myndast.

5. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok tímabils. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

6. Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

- Fasteign
- Strætisvagnar og önnur ökutæki
- Innréttingar, áhöld og tæki
- Hugbúnaður

8. Langtímakrafa - lífeyrissjóður

Langtímakrafa er vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð, samanber lög nr. 127/2016, sem skiptist í framlag í lífeyrisaukasjóð, sem gjaldfærast á 30 árum og framlag í varúðarsjóð, sem gjaldfærast á 20 árum.

9. Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagvirði, sé það lægra.

10. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru metnar á nafnverði og hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og eru niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótveikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin, að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna, er færð í rekstrarreikning.

11. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í lok tímabils eins og lánakjör segja til um. Næsta árs afborganir eru færðar meðal skammtímaskulda.

12. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

13. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi.

14. Tekjuskattur

Byggðasamlagið er undanþegið tekjuskattsskyldu.

15. Akstursþjónusta fatlaðs fólks

Tekjur	2018	2017
Framlag sveitarfélaga	1.502.681	1.436.290
Fargjöld notenda	90.772	86.046
	1.593.452	1.522.336
Gjöld		
Aðkeyptur akstur	1.587.439	1.515.678
Laun og launatengd gjöld - aðstoðarfólk í skólaakstri	6.013	6.657
	1.593.452	1.522.336

Verktakar annast allan akstur akstursþjónustu fatlaðs fólks. Allur bein kostnaður við akstur umfram fargjöld notenda er greiddur af sveitarfélögum.

16. Aðrar tekjur	2018	2017
Þóknun - akstursþjónusta fatlaðs fólks	84.282	78.856
Þóknun - landsbyggðin	101.597	99.318
Aðrar tekjur	124.235	34.437
	310.114	212.610

17. Laun og launatengd gjöld	2018	2017
Laun	1.989.862	1.857.901
Mótframlag í lífeyrissjóð	258.683	246.076
Tryggingagjald	153.150	142.749
Önnur launatengd gjöld	42.699	39.294
Gjaldfært framlag til Brúar lífeyrissjóðs	27.883	254.397
Breyting á áunnu, ógreiddu orlofi	(1.679)	15.587
	2.470.597	2.556.003

Meðalföldi stöðugilda á árinu	250	242
-------------------------------------	-----	-----

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins námu alls um 38,7 m.kr. á árinu. Í lok ársins störfuðu 282 manns hjá Strætó bs. (Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna.)

18. Rekstrarsvið	2018	2017
Laun og launatengd gjöld	1.984.200	1.870.682
Gjaldfært framlag til Brúar lífeyrissjóðs	22.663	206.743
Aðkeyptur akstur	2.708.755	2.184.775
Annar rekstrarkostnaður	949.695	812.716
Húsnæðiskostnaður	120.087	107.204
	5.785.400	5.182.121
19. Samrekstur		
Laun og launatengd gjöld	452.501	424.267
Gjaldfært framlag til Brúar lífeyrissjóðs	5.220	47.653
Annar rekstrarkostnaður	279.800	386.052
	737.521	857.972

Undir samrekstur heyrir skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, þar með talið þjónustuver sem þjónar bæði akstursþjónustu fatlaðra og farþegum strætó og skipulagssviði.

20. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Strætisvagnar og önnur ökutæki	Fasteignir	Innréttingar, áhöld og tæki	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2018	2.806.065	120.773	204.093	90.983	3.221.914
Afskrifað áður	(1.444.968)	(22.689)	(128.914)	(41.198)	(1.637.768)
Bókfært verð 1.1.2018	1.361.097	98.084	75.180	49.785	1.584.146
Viðbót á tímabilinu	753.829	0	70.835	738	825.402
Afskrifað á tímabilinu	(210.329)	(2.415)	(46.760)	(17.156)	(276.660)
Bókfært verð 31.12.2018	1.904.597	95.668	99.255	33.367	2.132.888
Afskriftarhlutföll	8-13%	2%	10-33%	25%	

	Fasteignamat	Vátryggingar verðmæti	Bókfært verð
Þönglabakki 4	79.250	125.530	95.668

Vátryggingaverðmæti áhalda og tækja er samtals um 240,5 m.kr.

Vátryggingaverðmæti strætisvagna og annarra ökutækja er samtals um 1.841,3 m.kr.

21. Birgðir

	2018	2017
Olía	10.088	20.763
Varahlutir	101.744	81.353
Niðurfærsla birgða	(10.000)	(10.000)
	101.832	92.116
Vátryggingaverðmæti birgða	110.000	101.084

22. Viðskiptakröfur	2018	2017
Viðskiptamenn	151.080	65.125
Viðskiptamenn - akstursþjónusta fatlaðs fólks	19.125	18.814
Greiðslukortafyrirtæki og aðrar skammtímakröfur	64.498	56.213
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(47.500)	(7.400)
	187.203	132.752

23. Aðrar skammtímakröfur	2018	2017
Fyrirframgreiddur kostnaður og fjárfestingar	16.043	15.493
Endurgreiðsla virðisaukaskatts	7.196	7.009
	23.240	22.501

24. Aðrar skammtímaskuldir	2018	2017
Áunnið ógreitt orlof	136.360	137.844
Ógreidd laun og launatengd gjöld	147.956	130.639
Aðrar skammtímaskuldir	83.407	76.043
	367.724	344.527

25. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga	Eiginfjárframlag rekstraraðila	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2018	900.018	996.382	1.896.400
Rekstrarniðurstaða tímabilsins		(122.921)	(122.921)
Staða 31.12.2018	900.018	873.460	1.773.479

	Eignarhlutur			
Garðabær	6,24%	56.161	54.504	110.665
Hafnarfjörður	12,50%	112.502	109.183	221.685
Kópavogur	14,60%	131.403	127.525	258.928
Mosfellsbær	4,07%	36.631	35.550	72.181
Reykjavík	60,30%	542.711	526.697	1.069.408
Seltjarnarnes	2,29%	20.610	20.002	40.613
	100,00%	900.018	873.460	1.773.479

26. Langtímaskuldir

	Vextir	2018
Lánasjóður sveitarfélaga, verðtryggt	2,50-2,57%	1.015.451
		1.015.451

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Afborganir langtímaskulda á næstu árum

2019	17.684
2020	17.684
2021	17.684
2022	28.125
2023	38.567
Síðar	895.708
	1.015.451

27. Ríkisframlag

Í maí 2012 var áritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og eru markmið og tilgangur samningsins m.a. eftirfarandi:

- Að tvöfalda a.m.k hlutdeild almenningsamgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og slysa
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi
- Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landsamgöngum

Til að ná fram markmiðum samningsins mun Strætó bs. fá mánaðarlegt framlag frá ríkissjóði fram til ársins 2022.

28. Tengdir aðilar

Skilgreining á tengdum aðilum.

Eignaraðilar og félög tengd þeim, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins:

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við félagið. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

29. Uppgjör við Brú lífeyrissjóð

Með setningu laga nr. 127/2016 var lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt og tók þessi lagabreyting einnig til Brúar lífeyrissjóðs. Breyttar samþykktir Brúar fólu það í sér að frá og með 1. júní 2017 var m.a. réttindaávinnslu A-deildar Brúar breytt úr jafnri réttindaávinnslu yfir í aldurstengda réttindaávinnslu, almennur lífeyristökualdur hækkaður úr 65 ára í 67 ára og móttframlag launagreiðenda lækkað úr 12% í 11,5%. Réttindi þeirra sem byrjaðir voru á lífeyri 1. júní 2017 og þeirra sem urðu 60 ára á sama tíma verða ekki skert eða aukin þó svo til skerðingar eða réttindaaukningar komi hjá öðrum sjóðfélögum. Áhrif lagabreytingarinnar voru m.a. að Strætó þurfti að greiða inn til Brúar lífeyrissjóðs allar áfallnar lífeyris-skuldbindingar í A-deild sjóðsins vegna sjóðfélaga m.v. 31. maí 2017 og áætluð framlög í lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð vegna sömu sjóðfélaga.

Heildarframlag Strætó í Brú lífeyrissjóð var 1.035,9 m.kr. og var það greitt 1. mars 2018. Framlagið skiptist á eftirfarandi hátt:

- 238,1 m.kr. framlag í jafnvægisjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi
- 720,3 m.kr. framlag í lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðarskuldbindingum vegna lífeyrisauka
- 77,5 m.kr. framlag í varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð

Þar af var gjaldfært 254,4 m.kr. 2017, þ.e. allt framlagið í jafnvægisjóðinn 238,1 m.kr., 14 m.kr. af framlaginu í lífeyrisaukasjóðinn og 2,3 m.kr. af framlaginu í varúðarsjóðinn.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabrigðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 sem heimilar að fyrirframgreiðslu í lífeyrisaukasjóð sé gjaldfærð með jöfnum fjárhæðum á 30 árum og framlagið í varúðarsjóð með jöfnum fjárhæðum á 20 árum. Eignfærð framlög eru gjaldfærð í samræmi við ofangreint bráðabrigðaákvæði.

1. mars 2018 gerði Strætó upp við lífeyrissjóðinn með láni frá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 1 ma.kr., þar af eru 720 m.kr. til 38 ára og 280 m.kr. til 17 ára.

Gjaldfærsla á árinu 2018 var samtals 27,9 m.kr.

30. Önnur mál

Aðili sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010, höfðaði máli á hendur Strætó bs. þar sem krafist var viðurkenningar á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintrar ólögætrar og saknæmrar háttsemi við framkvæmd útboðsins. Dómur í málinu var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands 1. júní 2017, þar sem dómur Héraðsdóms var staðfestur, þ.e. réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar og kostnaðar vegna þátttöku í forvali var viðurkenndur. Gjaldfærð hefur verið varúðarfærsla vegna framangreinds máls.

Nokkrir rammasamningshafar í akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna hafa kært Strætó til kærunefndar útboðsmála. Í málinu var þess krafist að kærunefndin láti í ljós álit sitt á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintra brota gegn skilmálum rammasamnings við framkvæmd akstursþjónustunnar. Kærunefnd útboðsmála úrskurðaði 21. júní 2016 að Strætó hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt rammasamningi við forgangsröðun rammasamningshafa við framkvæmd akstursþjónustunnar og kaup á akstursþjónustu af aðilum utan rammasamnings. Lét kærunefndin í ljós það álit að Strætó væri skaðabótaskyld gagnvart kærendum, en engin afstaða var tekin til umfangs hugsanlegs fjártjóns kæranda.

Í febrúar 2019, barst Strætó bs. stefnur frá tveimur rammasamningshöfum sem telja að á þeim hafi verið brotið við framkvæmd akstursþjónustunnar. Strætó hefur falið lögmanni sínum að taka til varna.

Niðurstaða síðustu þriggja örútbóta á grundvelli rammasamnings Strætó um fjárfestingu á vögnum, var kaup á rafvögnum frá Yutong Eurobus ehf. Samtals hefur Strætó fjárfest í 14 rafvögnum sem allir eru nú komnir í fulla notkun og hafa reynst vel.

Afhending fyrstu 9 vagnanna drógst hins vegar verulega og eru uppsafnaðar ógreiddar tafabætur í samræmi við útboðsskilamála um 107 m.kr. fyrir utan mögulega dráttarvexti.

BESTA 
LEIÐIN

